

Jafnréttisfræðsla í leik- og grunnskólum

Skýrsla 11

(21. og 22. kennslustund)

Vogaskóli, 4. nóvember 2008

Sigurbjörg Hallgrímsdóttir og Unnur Gunnarsdóttir umsjónarkennarar 4. S.U.

Kláruðum fólkið og byrjuðum á farartæki landnámsmannsins. Höfðu kynin sama hlutverk í langskipinu? Hver notaði langskipið og hvers vegna?

Börnin búa til víkingaskip landnámsmannsins. Þau búa einnig til bifreiðar, flugvélar og/eða skip. Börnin velta fyrir sér muninum á farartækjum landnámsmanna og nútímafólks. Hver stjórnaði farartækjunum? Komast jafn margir í bíla og í langskipin? Hver var og er tilgangur farartækjanna?

Börnin höfðu mjög gaman af að byrja á langskipinu. Þau veltu mikið fyrir sér muninum á stöðu kynjanna. Hvaða hlutverk landnámskonan hafði á skipinu, hvað börnin gerðu, hvað ambáttir og þrælar gerðu. Þau upplifa að enginn gerði neitt án leyfis frá landnámsmanninum. Börnin eru sannfærð um að mikið ójafnrétti hafi ríkt á landnámsöld og skýra það meðal annars með að landnámsmennirnir vissu ekki betur!

Börnin ræddu mikið um hvers vegna þau gerðu ekki konur á skipið, eingöngu karlmenn. Ástæðan var skýr! Konurnar höfðu nóg að gera í landnámskálannum. Þær þurftu að hugsa um húsdýrin, þvo klæði, búa til klæði, elda og þrifa skálann. Karlarnir voru á meðan að sigla um höfin að nema lönd .





„Landnámskonan var heima að vinna á meðan landnámskarlinn var úti að nema lönd á langskipinu sínu“.

